

**Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

3. mars 2003  
Skjalanúmer: 110-0  
Tilvísun: U20030200082/kg

**Þingsályktunartillögur um Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, 469. mál og Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006, 563. mál.**

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögur um Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, 469. mál og Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006, 563. mál.

Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur því víðtækt hlutverk á sviði umhverfismála sem á margan hátt tengjast þeim atriðum sem falla innan samgönguáætlunar.

Umhverfisstofnun fagnar þeirri stefnumótun í umhverfismálum sem er að finna í framsettum tillögum að samgönguáætlunum. Stofnunin hvetur Alþingi til þess að umhverfismarkmið langtímaáætlunarinnar (2003-2014) verði einnig tekin upp í fjögurra ára áætluninni þannig að undirbúningur og vinna við þau markmið hefjist nú þegar. Stofnunin bendir þó á að hvergi í áætluninni er gert ráð fyrir aðkomu umhverfisyrvalda, jafnvel þó að mörg þessi mál séu aðallega á forræði þeirra.

Nánari umfjöllun og athugasemdir við þingsályktunartillögurnar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson  
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Meðf.: Fylgiskjal - Umsögn um þingsályktunartillögur um Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, 469. mál og Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006, 563. mál.

Afrit: Umhverfisráðuneytið

## ***Fylgiskjal***

Umsögn um þingsályktunartillögur um  
Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, 469. mál  
og Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006, 563. mál.

### ***Samgönguáætlun 2003-2014, 469. mál***

Umhverfisstofnun fagnar þeirri stefnumótun í umhverfismálum sem er að finna í stefnumótun í samgöngumálum. Sérstaklega vekur stofnunin athygli á þeim markmiðum sem sett eru fram í kaflanum „Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur“ á bls. 2 í þingskjali 774. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að hvergi er í áætluninni gert ráð fyrir aðkomu umhverfisyrvalda, jafnvel þó að þessi mál séu á forræði þeirra. Sem dæmi má nefna að mengun frá samgöngum og framkvæmdum þeim tengdum, ásamt alþjóðlegum samningum þar að lútandi (t.d. gegn mengun sjávar) eru á starfssviði Umhverfisstofnunar. Stofnunin hefur einnig lögbundið hlutverk varðandi framkvæmdir á landi utan þéttbýlis og telur mikilvægt að viðkomandi samgönguyfirvöld hafi samráð við stofnunina t.d. við undirbúning vegagerðar, hafnagerðar, sjóvarna og skipulagningu siglingaleiða.

### ***Samgönguáætlun 2003-2006, 563. mál***

Umhverfisstofnun hvetur til þess að umhverfismarkmið samgönguáætlunar 2003-2014 eins og þeim er lýst í þingskjali 774 verði einnig tekin upp í fjögurra ára samgönguáætlun, t.d. hvað varðar fullgildinguna alþjóðlegra samninga og fræðslu um aksturslag. Stofnunin ítrekar fyrri athugasemd um mikilvægi þess að samráð sé haft við umhverfisyrvalda við stefnumótun og aðgerðir í umhverfismálum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kannað verði ítarlega hvernig haga megi förgun/endurnýtingu skipa sem komin eru úr notkun. Stofnunin leggur áherslu á samstarf umhverfisyrvalda og samgönguyfirvalda í þessu máli. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við þau verkefni í umhverfismálum sem talin eru upp á bls. 77 og áætlað er að vinna að, verði haft samráð við Umhverfisstofnun enda eru þessi mál á forræði stofnunarinnar.

Vegna umfjöllunar á bls. 82 bendir Umhverfisstofnun á að víða meðfram ströndum eru viðkvæm og verðmæt vistkerfi, landslag og jarðmyndanir. Stofnunin bendir og á að sjávarfitjar og leirur njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999 með síðari breytingum. Er því farið fram á að haft verði samráð við stofnunina um tilhögun sjóvarna í því skyni að koma í veg fyrir hugsanlegar skemmdir á viðkvæmri náttúru. Hið sama gildir líka um önnur mannvirki, s.s. vegi sem geta haft áhrif á friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir einnig á í því sambandi að stofnunin er leyfisveitandi í einhverjum tilvikum.

Umhverfisstofnun telur að fara verði með gát í uppbyggingu hálendisvega. Í tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að vissir fjallvegir verði skilgreindir sem landsvegir og því hluti af grunnneti vegakerfisins. Hér er um stefnumarkandi

ákvörðun að ræða sem að mati stofnunarinnar þarf að skoða frá öllum hliðum. Af þeirri breytingu sem áætluð er, leiðir að breyta verður umgjörð við þessa vegi, þ.m.t. þjónustu. Einnig leiðir hún sennilega af sér meiri umferð á svæði sem ekki eru undir slíka umferð búin. Að lokum má nefna það viðhorf sumra ferðaþjónustuaðila að ferð um hálendisvegi eigi að vera upplifun og tilgangur í sjálfu sér, ekki eingöngu leið frá A til B. Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort stofnunin telji framangreinda breytingu æskilega eður ei, bendir eingöngu á að forsendur og afleiðingar séu ekki ljósar.

Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining Fjallabaksleiðar nyrðri sem landsvegur skv. tillögu að samgönguáætlun er ekki í samræmi við svæðisskipulag hálendisins, eða tillögur að aðalskipulagi Holta- og Landssveitar 2002-2014 (var auglýst í maí 2002) og Skaftárhrepps 2002-2014 sem nú bíður staðfestingar hjá umhverfisráðherra. Samkvæmt þeim er leiðin skilgreind sem almennur fjallvegur á meðan aðrir fjallvegir sem þingsályktunartillagan flokkar sem landsvegi eru þar skilgreindir sem aðalfjallvegir. Umhverfisstofnun telur varla tímabært að færa Fjallabaksleið nyrðri upp um flokk áður en viðkomandi sveitarfélög hafa rætt það, en er reiðubúin fyrir sitt leyti að skoða þá hugmynd. Meðal annars þarf að skoða hvers konar veg hér væri verið um að ræða, hver verði hámarksökuhraði í veghönnun, hvaða uppbygging er nauðsynleg á svæðinu til þess að ágangur skaði ekki svæðið og hvernig megi koma slíkum vegi um Friðland að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun bendir á að víða um land bíða mjög mörg brýn verkefni sem tengjast ferðamannastöðum. Stofnunin veltir því einnig til samgöngunefndar hvort ekki sé ástæða til þess að fjalla um göngustíga á vinsælustu viðkomustöðum ferðamanna, sem og hjólastíga og reiðvegi meðfram aðalleiðum.

*Kristján Geirsson, fagstjóri  
Umhverfisstofnun*